



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um staðarval fyrir aðra sjúkrahúsuppbyggingu í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar þann 18. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, ásamt greinargerð:

Reykjavíkurborg þarf að horfa til mjög langs tíma, jafnvel langt fram eftir þessari öld, hvað varðar þróun og uppbyggingu mikilvægrar starfsemi á höfuðborgarsvæðinu svo sem sjúkrahúspjónustu. Meta þarf búsetuþróun, skipulagningu margvíslegra innviða svo sem gatna og veitukerfa og ekki síst öryggissjónarmiða og þróunar í tækni- og heilbrigðisvísindum. Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að því að velja heppilegan stað fyrir uppbyggingu á öðru sjúkrahúsi í Reykjavík með tilliti til samgangna, íbúa- og atvinnuþróunar og öryggismála og hvers konar starfsemi ætti að vera í slíku sjúkrahúsi. Lagt er til að þetta verði unnið í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, ekki síst Landspítala háskólasjúkrahús (LSH), stjórnvöld, nágrannasveitarfélögin, heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi lækna. Skipaður verði samstarfshópur undir forystu Reykjavíkurborgar til að vinna þetta verkefni með það í huga að niðurstaða geti legið fyrir um mitt ár 2019. Þá verði niðurstaða kynnt fyrir hagsmunaaðilum og almenningi og þá eftir atvikum horft til mögulegra breytinga á svæðaskipulagi og aðalskipulagi hvað þetta varðar.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Þann 2. október sl. var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að gera umsögn um tillöguna fyrir borgarráð.

Ákvörðun um staðsetningu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík á sér langa forsoðu allt frá síðustu aldamótum. Alls hafa átta ríkisstjórnir fjallað um Hringbrautarverkefnið og á fjórða hundrað þingmenn komið að umfjöllum um lög og þingsályktanir sem tengjast verkefninu frá upphafi. Eins og rakið er í hjálagðri umsögn NLSH ohf. og stuttlega reifað hér að neðan er verkið hafið. Verklok fyrri áfanga eru áætluð 2024 og uppbygging síðari áfanga áætluð á árunum 2025-2050 með fyrirvara um fjárveitingar og stefnumörkun.

Árið 2010 voru lög um byggingu nýs Landsspítala nr. 64/2010 samþykkt samhljóða á Alþingi. Árið 2012 var síðan lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem byggir á verðlaunatillögunni frá 2010. Skv. tillögunni verður húsnæði Landspítala fyrir starfsemina á Hringbraut og í Fossvogi 132 þ. m2, þar af 76 þ. m2 nýtt húsnæði en 56 þ. m2 eldra húsnæði sem verður nýtt áfram. Tillagan er í samræmi við mat erlendra ráðgjafa sem komu að málinu á árinu 2001. Árið 2013 voru allar skipulagsáætlanir, svæðaskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og deiliskipulag Hringbrautarsvæðisins samþykktar skv. lögum, ekki bærust neinar kærur vegna málsins. Árið 2015 lá fyrir fullnaðarhönnun Sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna var að hefjast, verkframkvæmd á sjúkrahótelinu hófust í nóvember 2015. Árið 2016 hófst bygging sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna í samræmi við heimildir fjárlaga ársins, einnig hófst rýni á forhönnun rannsóknahúss. Á árinu 2017 var viðhaft forval fullnaðarhönnunar vegna sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna ásamt verkhönnunar á verkefni gatna, veitna og lóðar til undirbúnings útboðs, í samræmi við fjárheimildir fjárlaga ársins. Í ár, 2018, hefur verið unnið að samningsverkefnum og hönnun stendur yfir í nokkrum verkhlutum. Sjúkrahótel verður tekið í notkun við verklok verktaka og hafin er fullnaðarhönnun rannsóknahúss. Þá eru einnig hafnar verklegar framkvæmdir við meðferðarkjarna, götur, veitur og lóð. Fjárheimildir Alþingis ársins 2018 til Hringbrautarverkefnisins voru 2.791 m.kr.

NLSH ohf. hefur í samstarfi við Landspítala, Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins viðhaft virk samráðshópakerfi. Notendastudd hönnun tekur vissulega meiri tíma en ella, en rýni notenda hefur verið mikilvægur þáttur í Hringbrautarverkefninu. Í ljósi gagnrýni sem fram hafði komið á staðarvalið var KPMG fengið til að framkvæmda óháða skoðun og rýni á þeim gögnum og staðreyndum sem komið höfðu fram á árum áður. KPMG lagði sjálfstætt og óháð mat á það hvort að Hringbraut sé besti kosturinn með tilliti til hagkvæmni og annarra helstu áhrifaþátta miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu. Niðurstaða KPMG var skýr en þau töldu að ekki væri tilefni til að hverfa frá ákvörðun um staðarval, ef svo ætti að vera þyrftu að liggja fyrir afgerandi rök sem gera aðra staðsetningu mun betri eða hagkvæmari. Það var því mat KPMG að ekki væri tilefni til að breyta fyrirliggjandi ákvörðun um að byggja nýjan spítala við Hringbraut.

Þar sem vinna við uppbyggingu nýs sjúkrahús við Hringbraut er hafin er það mat skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að ekki sé tilefni til að setja á laggirnar samstarfshóp um staðarval fyrir aðra sjúkrahúsuppbyggingu í Reykjavík að svo stöddu. Þá er það einnig mat skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að eðlilegt væri að ríkið hefði forgöngu að staðarvali fyrir spítala, þegar það verður metið tímabært.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Theódóra Sigurðardóttir

Hjálagt:

Umsögn framkvæmdastjóra NLSH ohf., sem barst í tölvupósti þann 23. nóvember sl.

11. des. 2018

Bréfalykill: 240

Til þeirra sem málið varðar*Ákvarðanir og staða Hringbrautarverkefnisins*

Ákvörðun um staðsetningu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík á sér allanga forsögu allt frá ári eftir sameiningu Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur um síðustu aldamót.

Tímalína og áfangar hvers ákvörðunarverkefnis eru hér skýrðir út í stuttu máli, en þeir helstu eru:

- Árið 2001 leggja dönsku ráðgjafarnir Ementor fram skýrslu um framtíðarþróun Landspítala. Þeirra mat er að húsnæði Landspítala sé of lítið og það þurfi að vera 120 þ. m² fyrir starfsemi sem er á Hringbraut og í Fossvogi. Húsnæðið er nú um 90 þ. m².
- Árið 2001 leggja sænsku ráðgjafarnir White arkitekta fram tillögur að uppbyggingu Landspítala á Hringbraut, í Fossvogi og á Vífilstöðum. Þeirra mat er að nauðsynlegt húsnæði fyrir starfseminna sé 144 þ. m²
- Árið 2001 leggur VSÓ ráðgjöf fram mat á kostnaði við mismunandi uppbyggingartillögur White arkitekta, bæði stofnkostnað og söluandvirði eigna sem losna.
- Árið 2002 leggur starfsnefnd heilbrigðisráðuneytisins, undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur til að sameinaður Landspítaliháskólasjúkrahús verði með megin starfseminna á Hringbraut og starfsemi í Fossvogi flutt þaðan.
- 2005 er haldin alþjóðleg arkitektasamkeppni um stækkun Landspítala á Hringbraut. Hlutskarpastir eru dönsku arkitektarnir C.F.Möller ásamt samstarfsaðilum frá Noregi og Íslandi.
- Árið 2008 breytast forsendur og verkefnið er sett í endurskoðun. Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana, undir forystu Ingu Jónu Þórðardóttur skilar álitinu sínu. Rökin fyrir staðsetningu við Hringbraut enn í gildi að mati nefndarinnar.
- Árið 2009 skila norsku ráðgjafarnir Momentum og Hospitalitet skýrslu um húsnæðismál Landspítala og bera saman valkosti. Þeirra mat er að það sé dýrara til lengdar að gera ekkert í húsnæðismálum Landspítala. Unnið er að gerð alþjóðlegra forvals- og samkeppnissagna.
- Árið 2010 er alþjóðleg samkeppni um frumhönnun stækkunar Landspítala við Hringbraut. Íslenska teymið Spital er hlutskarpast en með þeim eru reynslumiklir sjúkrahúshönnuðir frá Noregi. Ákveðið er að byggja á notendastuddri hönnun, með aðkomu hundruðum starfsmanna LSH.
- 2010 eru lög um nr. 64/2010 byggingu nýs Landspítala við Hringbraut samþykkt samhljóða á Alþingi.
- Árið 2012 er lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem byggir á verðlaunatillögunni frá 2010. Húsnæði Landspítala fyrir starfseminna á Hringbraut og í Fossvogi er 132 þ.m² skv tillögunni, 76 þ.m² nýtt húsnæði og 56 þ.m² eldra húsnæði sem er nýtt áfram. Það er í góðu samræmi við mat erlendra ráðgjafa sem komu að málinu á árinu 2001.



- Árið 2013 eru allar skipulagsáætlanir, svæðaskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og deiliskipulag Hringbrautarsvæðisins samþykktar skv. lögum. Engar kærur berast. Forhönnun bygginga, 20-25% hönnun, liggur fyrir.
- 2013 eru samþykktar samhljóða á Alþingi breytingar á lögum nr. 64/2010 sem færa verkið undir lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001.
- Alþingi veitir fjárheimild í fjárlögum til að hefja fullnaðarhönnun Sjúkrahótel.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerir árið 2014 sjálfstæða úttekt á verkefninu og metu verkefnið ábatasamt frá þjóðhagslegu sjónarhorni.
- 2014, þingsályktun samþykkt á Alþingi um áframhaldandi framgang verkefnis.
- Árið 2015 liggur fyrir fullnaðarhönnun Sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna getur hafist skv. fjárlögum ársins 2015. Verkframkvæmd á sjúkrahótelu hefst í nóvember 2015.
- Á árinu 2016 hófst m.a. rýni á forhönnun rannsóknahúss. Unnið að byggingu sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna í samræmi við heimildir fjárlaga ársins.
- Í samræmi við fjárheimildir fjárlaga ársins 2017, er viðhaft forval fullnaðarhönnunar vegna Rannsóknahúss. Rýni á bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúsi hefst. Unnið að byggingu sjúkrahótel og fullnaðarhönnun meðferðarkjarna ásamt verkhönnunar á verkefni gatna, veitna og lóðar til undirbúnings útboðs.
- Í samræmi við fjárheimildir Alþingis ársins 2018 til Hringbrautarverkefnisins, 2.791 mkr er unnið að samningsverkefnum. Hönnun stendur yfir í nokkrum verkhlutum. Sjúkrahótel verður tekið í notkun við verklok verktaka. Hafin er fullnaðarhönnun rannsóknahúss og hafnar eru verklegar framkvæmdir við meðferðarkjarna, götur, veitur og lóð.



Skóflustunga að meðferðarkjarna 13.10.2018
Undirskrift samnings um fullnaðarhönnun rannsóknahúss 5.10.18


Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar var birt 30. nóvember 2017 í henni segir „*Framkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna Landspítala munu hefjast næsta sumar (2018)*“. NLSH ohf. leitar ávallt heimilda heilbrigðisráðherra til áframhaldandi verka jafnt sem ávallt er leitað heimilda samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir sbr. lög nr. 84/2001. Fjárlög hverju sinni skapa fjárheimildir frá Alþingi. Fjárlög ársins 2018 boða áframhaldandi framgang verkefnis, við Hringbraut.

Þess má geta að ríkisfjármálaáætlun Alþingis 2016-2019, fjármálaáætlun 2017-2021, fjármálaáætlun 2018-2022 og fjármálaáætlun 2019-2023 hafa verið í takt við áætlanir í Hringbrautarverkefninu.


Nú eru verklok fyrri áfanga áætluð 2024 og uppbygging þess síðari á árunum 2025 – 2050 með fyrirvara um fjárveitingar og stefnumörkun.

Í greinargerð með staðfestu deiliskipulagi 2013, kafli 3.7 - Áfangaskipting og framkvæmd, er stefnumörkun lýst þó að fyrirvari sé á öllum tímasetningum. Þar segir m.a. að á skipulagssvæðinu sé uppbygging áætluð í nokkrum áföngum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að þegar uppbyggingu á Landspítalalóð er lokið verði húsnæði samtals um 241.000 m² í núverandi og nýjum byggingum með bilageymslum. Núverandi heildarbyggingarmagn Landspítala og Háskólans á lóðinni er nú um 73.600 m². Þar af er gert ráð fyrir um 97.550 m² í fyrsta byggingaráfanga. Heildarstærð bilageymslna er um 53.400 m² ofan og neðan jarðar. Niðurrif eldri bygginga er óverulegt. Ekki liggur fyrir tímasetning um síðari áfanga uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi. Ítrekað er að áfangaskipting er ekki bindandi í deiliskipulagsskilmálum.

Í kafla 4.2. - Tölulegar upplýsingar, í greinargerð deiliskipulags Landspítalalóðar eru nefndir um tíu byggingahlutir í síðari áfanga, 54.100 m², fyrir utan bílastæðahús og bilageymslur. Um er að ræða m.a. stækkun við meðferðarkjarna, stækkun við rannsóknahús, nýtt hús á byggingareit fyrir spítalann eða háskólann og göngudeildarhús með fleiri legudeildum.



Fyrri áfangi – Áætluð uppbygging til 2024



Síðari áfangi – Áætluð uppbygging til 2030-2050

Stærsta notendastudda hönnunarverkefni Íslandssögunnar

Notendur leika stórt hlutverk, en notendur nýbygginga eru að mestu leyti starfsfólk Landspítala og Háskóla Íslands. Sjúklingar og aðstandendur þeirra koma einnig að sínum sjónarmiðum. NLSH ohf. hefur í samstarfi við Landspítala, Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins viðhaft virkt samráðshópakerfi. Notendastudd hönnun tekur vissulega meiri tíma en ella, en rýni notenda hefur verið mikilvægur þáttur í Hringbrautarverkefninu. Niðurstöður Landspítala úr 3P vinnustofum og endurmati verkferla með LEAN aðferðafræðinni hafði í för með sér uppfærslu forhönnunar sem er í senn eðlilegt og æskilegt ferli þegar um er að ræða síbreytilegt starfsumhverfi.



Hvað skipti máli þegar Hringbraut var ákveðin?

Í ljósi gagnrýni sem komið hafði fram á staðarvalið óskaði heilbrigðisráðherra árið 2015 að fela NLSH ohf. að láta framkvæma óháða skoðun og rýni á þeim gögnum og staðreyndum sem komið höfðu fram á árum áður. KPMG var falið verkefnið. Verkefni KPMG var að leggja sjálfstætt og óháð mat á það hvort Hringbraut sé besti kostur með tilliti til hagkvæmni og annarra helstu áhrifaþátta miðað við þær upplýsingar sem fyrir lágu. Verkefnið var skoðað út frá helstu gagnrýnisatriðum sem fram höfðu komið á skipulagsmál, byggingarkostnað, rekstrarkostnað, kostnað við fólksflutninga og umferðarálag.

Í skýrslu KPMG varpað ljósi á það hvort ástæða væri til þess að breyta út af þeirri ákvörðun að byggja nýjan Landspítala við Hringbraut. Niðurstaða KPMG var skýr. KPMG taldi að ef svo ætti að vera þá þyrftu til þess afgerandi rök sem gera aðra staðsetningu mun betri eða hagkvæmari. Að mati KPMG var niðurstaðan að ekki væri tilefni til að breyta fyrirbyggjandi ákvörðun um að byggja nýjan spítala við Hringbraut.

NLSH ohf. tekur undir niðurstöðu KPMG og vísar í fylgiskjali til skýrslu KPMG (31.08.2015) í viðauka.

Að mati NLSH ohf. liggja nokkur meginatriði til grundvallar þeirri niðurstöðu sem sérfræðingar hafa á liðnum árum samhljóma komist að:


- Stofnkostnaður - Stofnkostnaður nýbygginga lægstur á Hringbraut. Byggingakostnaður lægstur af þeim kostum sem rýndir voru. Hægt er að nýta mannvirki sem fyrir eru og byggja nýjan spítala sem viðbót í áföngum.
- Sparnaður í rekstri, en það er dýrt fyrir samfélagið að reka tvö bráðasjúkrahús í Reykjavík. Metið af norskum sérfræðingum að árlegur sparnaður yrði ca 6% af rekstrarkostnaði ef valið yrði að byggja við Hringbraut. (ca 3 milljarðar árlega). Ef allt er byggt nýtt yrði árlegur rekstrarsparnaður 7%. Núvirðisútreikningar sýna að rétt er að ráðast uppbyggingu á Hringbraut strax. Kostnaðarþættir voru metnir af norskum ráðgjafafyrirtækjum, Hospitalitet og Momentum.
- Samgöngur sjúklinga og starfsmanna. 2/3 af bráðastarfsemi LSH eru fyrir á lóðinni og því felur flutningur á 1/3 starfseminnar þangað í sér lágmarks röskun og stystan tíma við að sameina starfsemina á einn stað. Hringbrautin liggur vel að almenningssamgöngum.
- Nálægð við háskóla- og vísindaumhverfið í Vatnsmýrinni. Nálægð við Háskóla Íslands og fyrirhugaða uppbyggingu heilbrigðisvísindasviðs á svæðinu. Möguleikar á frekari uppbyggingu á svæðinu, bæði fyrir spítalann og Háskóla Íslands.
- Hversu tímafrekt verkefnið er. Opinberlega hefur komið fram að það er mat Framkvæmdasýslu ríkisins, Skipulagsstofnunar að byggja á öðrum stað muni seinka framkvæmdum við Nýjan spítala um a.m.k. 10-15 ár miðað við núverandi áætlanir við Hringbraut.
- Aðrir þættir sem hafa verið nefndir eru t.d. afleiddur kostnaður samfélagsins, flugvöllurinn og borgarskipulagið, en skipulagið við Hringbraut fellur vel að skipulagi og framtíðarmynd miðborgar Reykjavíkur sbr. umfjöllun og afgreiðslu deiliskipulags.

Að lokum vill NLSH ohf. benda á að allt frá aldamótum hafa átta ríkisstjórnir fjallað um Hringbrautarverkefnið, jafnt sem á fjórða hundrað þingmenn hafa komið að umfjöllun um lög og þingsályktanir sem tengjast verkefninu. NLSH ohf. telur því í ljósi forsögunnar og þeirra stöðu sem Alþingi hefur markað verkefninu á liðnum árum með skýrri afgreiðslu sinni og núverandi samningum NLSH ohf. sem fyrir liggja um uppbygginguna að þingsályktunartillaga í þingskjali 14, 14. máli, sé varhugaverð.

*Skóflustunga sjúkrahótelis 11.11.2015
nú fv. heilbrigðisráðherrar viðstaddir*



*Virðingarfyllst,
f.h. NLSH ehf.*



Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri

Viðauki:

Skýrsla KPMG 31.08.2015 - Forsendur og hagkvæmni þess að staðsetja nýjan spítala við Hringbraut
<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettatengi2015/Landspitali-ryni-KPMG-20150831.pdf>